

Páll Helgason, skrifstofumaður

Afhending 2011/78

Páll Helgason fæddist 20. mars 1914 að Þórustöðum í Öngulsstaðahreppi. Hann lést á Akureyri þann 12. júní 1994. Páll var elstur 8 systkina.

Páll útskrifaðist frá Gagnfræðaskólanum á Akureyri 1932 og hóf síðan störf sem kennari, bæði hjá Barnaskóla Öngulstaðahrepps en einnig sem heimiliskennari. Árið 1942 hóf hann störf á skrifstofum verksmiðja SÍS á Akureyri og starfaði þar óslitið til 1985.

Páll var söngelskur og tók þátt í margskonar félags- og menningarstarfsemi. Hann sat um árabíl í stjórn Ungmennafélagsins Árroðans í Öngulsstaðahreppi, sat í stjórn Ungmennasambands Eyjafjarðar, tók þátt í ýmsu kórastarfi á Akureyri og í Eyjafirði og sat í stjórnnum Tónlistarbandalags Akureyrar og Kantötukórs Akureyrar í nokkur ár svo dæmi séu tekin.

Páll sat einnig í stjórn Lífeyrissjóðs verksmiðja SÍS frá 1950 – 1960, í stjórn Minjasafnsins á Akureyri frá 1978 – 1986 og var formaður stjórnar Minjasafnsins á árunum 1982 – 1986.

Páll var ókvæntur og barnlaus en hélt heimili með foreldrum sínum og systkinum, fyrst á Þórustöðum en síðar á Akureyri.

Afhendingin barst frá Hólmfríði Andersdóttur, Akureyri. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 169, 844, 848, 881, 888, 1010, 2004/31, 2004/37, 2007/56 og 2014/65.

Afhendingar 2011/78 og 2014/65 eru saman í öskju.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

26. nóvember 2019

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir

Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
Páll Helgason (1914-1994), skrifstofumaður			2011 / 78
A-Páll Helgason			
A-Páll Helgason			
1932 - 1932			
2011 - A / 1	1	1932- 1932	Bók; Sóknarvísur eftir Benedikt Benediktsson í Fjósatungu. Komið úr fórum Páls Helgasonar, Akureyri; Sagnir af þeim er framar skráðar, safnað af Ólafi Pálssyni undirskrifað í apríl 1932.
			15X10 cm. Er geymt í kassa með afhendingu 2014/65